




Snip & Sketch

Leiðbeiningar teknar saman af Jóhönnu Geirsdóttur og Sólveigu Friðriksdóttur í ágúst 2026

[How to use Snip & Sketch – \(Myndskeið – 6:33 mín.\)](#)

Til að opna **Snipping Tool** er smeltt á **leitarlínuna** og skrifað **Snipping Tool**
Táknið fyrir **Snipping Tool** birtist. **Smellið á Try Snip & Sketch**



Ný útgáfa af Snipping Tool er Snip & Sketch (Klippa og teikna)

Snip & Sketch tekur við af Snipping Tool. Munurinn á þessum forritum er sá að hægt er að vinna meira með myndir í Snip & Sketch en í Snipping Tool. Forritið fylgir endurgjaldslaust með Windows. Það er hentugt verkfæri til að vinna með ef klippa þarf afmarkað svæði, t.d. hluta af mynd, skjali eða skjá og skeyta inn í annað skjal (hægt er að klippa hluta af skjá – eða jafnvel taka mynd af öllum skjánum).

Síðan er hægt að líma (**Paste**) myndina inn í t.d. **Word** eða hvaða forrit sem er. Notendur geta breytt myndum og vistað þær í myndasafninu (**File – Save As**) á hvaða formi sem er (png, gif, jpeg*). Einnig er hægt að senda myndina sem viðhengi í tölvupósti. Auðvelt er að deila efninu með öðrum.

Hvernig virkar Snip & Sketch?

Hafið skjalið opið (eða skjáinn) sem á að klippa úr.
Opnið Snip & Sketch.

Smellið á **New** til að taka skjámynd.

Bendillinn eins og kross og skjárinn verður grár.

Mismunandi útlit valið, t.d. kassi, hringur eða annað,
og síðan svæðið sem á að klippa út.

Útlit valið:



Rectangular Snip Teikna kassa með músinni



Freeform Snip Teikna hring með músinni

Windows Snip

Taka mynd af glugganum

Fullscreen Snip

Taka mynd af skjánum




Windows-lykilinn Shift og S

Hægt er stilla tímann sem líður þar til hægt er að taka skjámynd eftir að smeltt hefur við á **New**:

Klippa núna

Klippa eftir 3 sekúndur

Klippa eftir 10 sekúndur.



Eftir að búið er að velja svæðið kemur upp skjár með ýmsum möguleikum til að vinna með myndina.

Hægt að skrifa skýringar við skjámyndir, ljósmyndir og aðrar myndir á auðveldan hátt með penna, áherslupenna, snertiskjá eða mús og hægt er að handskrifa á spássíur á teiknisvæðinu.





Að breyta um liti, breidd á línunum o.fl.
Reglustika, gráðubogi.
Að breyta stærð á myndum.




Aðdráttur Vista sem Afrita Deila

Ef smeltt er í punktana þrjá kemur upp gluggi:



Myndirnar koma á klemmuspjaldið (**Screen snip**) neðst í hægri horninu á skjánum.



Hér er hægt að velja hvort rammi komi utan um myndirnar og litur og þykkt valin.

* Algengast er að vista myndir á jpeg-formi (Joint **P**hotographic **E**xperts **G**roup).